

Nd.

1102. Nefndarálit

[455. mál]

um frv. til l. um þáttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þáttöku í félaginu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stofnun félags, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, er til einskis ef ekki eru fyrir hendi þær almennu aðstæður sem hvetja til frumkvæðis, áhættu og tilrauna í atvinnulífi. Það er á valdi ríkisstjórnar að skapa slíkt andrúmsloft með hvetjandi aðgerðum, t. d. í fjármálum og með fræðslu og áróðri fyrir stofnun og rekstri fyrirtækja.

Í þessu tilliti hefur núverandi ríkisstjórn brugðist. Sú staðreynd að þetta frumvarp sér loks dagsins ljós á síðustu vikum venjulegs þinghalds, eftir tveggja ára valdatíma ríkisstjórnarinnar, talar sínu máli um áhugann.

Á frumvarpinu sjálfu er sá stóri galli að þar er ekki mörkuð stefna um athafnasvið félagsins. Ýmsar nýjar atvinnugreinar, s. s. fiskeldi, eru mjög fjármagnsfrekar og áhættusamar og í vissum skilningi stóriðja. Aðrar nýjar greinar byggjast meir á einstaklingum, frumkvöðlum með hugmyndir og þor til að ráðast í framkvæmdir ef aðstoð fæst.

Með hliðsjón af því að væntanlegt fjármagn þessa félags verður ekki til skiptanna, ef ráðist er í stóru verkefni, sýnist undirrituðum nauðsynlegt að marka stefnu í þessum málum í byrjun.

Skorturinn á áhuga, örlæti og hvatningu stjórnvalda á þessum sviðum verður tilfínanlegri þegar á hverjum degi berast upplýsingar um lífskjör, bruðl og flotræfilshátt stóriðjuhirdarinnar. Kísilmálmæðið kostar nú t. d. 40 milljónir króna án þess að nagli hafi verið rekinn í spýtu af því tilefni á Reyðarfirði.

Nýsköpun í atvinnuháttum þarfnast fjölmargra samverkandi breytinga í innviðum samfélagsins, menntun, rannsóknnum og peningamálum svo að dæmi séu tekin. Þess háttar stóráttak er óumflýjanlegt og hvert missiri, sem líður án þess, verður okkur dýrt.

Hugmyndin að baki frv. sjálfs er rétt og sú samvinna ríkisvalds og fleiri aðila, sem það gerir ráð fyrir, er af hinu góða. En með tilliti til hins almenna stefnu- og áhugaleysis stjórnvalda um nýjar leiðir er ljóst að samþykkt frv. sjálfs mun ekki styrkja nýsköpun í atvinnulífi.

Þess vegna mun undirritaður ekki samþykkja þetta frv.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.